



Hörgársveit

Dalvíkurlína 2, Hörgársveit , reiðleiðir og göngu- og hjólaleiðir, auglýsing aðalskipulagstillögu

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 15. desember 2022 að vísa aðalskipulagstillögu fyrir strengleið Dalvíkurlínu 2 í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni felst að strengleið Dalvíkurlínu 2 innan marka Hörgársveitar ásamt helgunarsvæði hennar eru færðar inn á aðalskipulag Hörgársveitar og jafnframt eru reiðleiðir og göngu – og hjólaleiðir uppfærðar. Skipulagstillagan tekur til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Skipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla Dalvíkurlína 2 – 66 kv jarðstrengur á milli Akureyrar og Dalvíkur eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamarkurskóla 604 Akureyri, milli 26. janúar 2023 og 6. mars 2023 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugasemdir við skipulagstillögurnar til mánudagsins 6. mars 2023. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulagsfulltrúi